# Sparnaðarlíftrygging

Ársyfirlit 2019

## Vísitala neysluverðs og verðbólga

Vísitala neysluverðs (VNV) sem mælir verðbólgu hækkaði um 2,7% á árinu 2019. Verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands (SÍ) er 2,5%.

Húsnæðisliðurinn hefur mest vægi í vísitölu neysluverðs og var helsti hækkunarliðurinn á árinu, skilaði ríflega þriðjung af hækkun vísitölunnar.

Flestar verðbólguspár gera ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2020 verði í kringum verðbólgumarkmið Seðlabankann sem spáir 2,3% verðbólgu á árinu.

## Stýrivextir

Í kjölfar falls WOW air, samdráttar í íslensku efnahagslífi og niðurstöðu í kjaraviðræðum á almenna vinnumarkaðnum skipti Seðlabankinn um vaxtagír og byrjaði að lækka stýrivexti í júní sl. Á árinu lækkuðu meginvextir Seðlabankans um 1,5% stig en þeir eru nú 3,0% og hafa aldrei verið lægri.

## Gengi íslensku krónunnar

Gengi íslensku krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum var frekar stöðugt á árinu.

Gengisvísitala krónunnar hækkaði um 3,2% á árinu sem þýðir gengislækkun gagnvart helstu viðskiptamyntum.

Krónan veiktist um rúmlega 4% gagnvart Bandaríkjadollar, 2% gagnvart evru og 8,6% gagnvart bresku pundi.

**Erlendir sjóðir**
Eignastýring er hjá VÍB eignastýringarþjónustu Íslandsbanka og Henderson Global Investors.

## Evrópusjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|---|---|---|
| **Tímabil** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| 12 mánuðir | 30,5% | 27,9% |
| 24 mánuðir | 6,5% | 3,6% |
| 48 mánuðir | 5,0% | 2,6% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Evrópsk hlutabréf | 55% | 95% |
| Evrópsk smáfyrirtæki | 5% | 45% |

**Markmið:** Fjárfesta í stórum sem smáum evrópskum fyrirtækjum og ná fram stöðugri ávöxtun með áhættudreifingu.

## Skuldabréfasjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|---|---|---|
| **Tímabil** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| 12 mánuðir | 9,1% | 6,9% |
| 24 mánuðir | 7,2% | 4,2% |
| 48 mánuðir | 2,4% | 0,0% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Alheimsskuldabréf | 60% | 100% |
| Evrópsk skuldabréf | 0% | 40% |

**Markmið:** Fjárfesta í skuldabréfum um allan heim.

## Alheimssjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|---|---|---|
| **Tímabil** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| 12 mánuðir | 32,5% | 29,8% |
| 24 mánuðir | 14,5% | 11,3% |
| 48 mánuðir | 7,7% | 5,2% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Evrópsk hlutabréf | 10% | 50% |
| Amerísk hlutabréf | 10% | 50% |
| Japönsk hlutabréf | 5% | 35% |
| Hlutabr. í Kyrrahafslöndum | 0% | 20% |

**Markmið:** Fjárfestingar eru í hlutabréfum stórra sem smárra fyrirtækja um allan heim á flestum stærstu mörkuðunum.

## Þróunarsjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|---|---|---|
| **Tímabil** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| 12 mánuðir | 36,2% | 33,5% |
| 24 mánuðir | 12,8% | 9,6% |
| 48 mánuðir | 8,3% | 5,8% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Evrópsk hlutabréf | 10% | 50% |
| Evrópsk smáfyrirtæki | 10% | 50% |
| Nýmarkaðir | 5% | 35% |
| Hlutabréf tæknifyrirtækja | 0% | 20% |

**Markmið:** Fjárfestingar eru að hluta til í evrópskum hlutabréfum og á nýjum vaxandi hlutabréfamörkuðum.

## Erlendir sjóðir

Gengisþróun









## Innlendur skuldabréfamarkaður

Árið 2019 var hagfellt fyrir skuldabréfaeigendur en lækkun stýrivaxta og lág verðbólga höfðu jákvæð áhrif á Skuldabréfamarkaðinn sem skilaði ágætis ávöxtun, bæði á óverðtryggðum og verðtryggðum skuldabréfum á árinu.

Allir helstu flokkar ríkisskuldabréfa skiluðu jákvæðri raunávöxtun á árinu. Óverðtryggða skuldabréfavísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 14,8%, en verðtryggða vísitalan hækkaði um 6,8%.

Ágætis raunávöxtun var á öðrum skuldabréfaflokkum líkt og sértryggðum skuldabréfum.

## Innlendur hlutabréfamarkaður

Innlendur hlutabréfamarkaður átti gott ár eftir að hafa átt erfitt uppdráttar síðastliðin 3 ár. Velta á innlendum hlutabréfamarkaði jókst á milli ára um rúmlega 20%.

Vísitala Aðallista sem mælir hlutabréfaverð allra skráðra hlutafélaga á Aðallista Kauphallar Íslands, hækkaði um 24,5% á árinu 2019. Af 19 skráðum hlutafélögum hækkaði gengi 13 félaga en 6 lækkuðu á árinu. Mesta hækkun var á hlutabréfum Marel (68,5%), Símans (43,2%) og TM (36,2%). Mest lækkuðu bréf Icelandair (21,2%), SÝN (16,3%) og Eimskipafélags Íslands (15,2%).

**Innlendir sjóðir**
Sjóðir í ávöxtun hjá VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka

## Ríkissjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|---|---|---|
| **Tímabil** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| 12 mánuðir | 9,7% | 7,6% |
| 24 mánuðir | 8,3% | 5,3% |
| 48 mánuðir | 7,5% | 5,0% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Ríkisskuldabréf | 0% | 90% |
| Innlán/laust fé | 0% | 10% |

**Markmið:** Að ná stöðugri og öruggri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði af innlendum ríkisskuldabréfum.

## Hlutabréfasjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|---|---|---|
| **Tímabil** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| 12 mánuðir | 12,6% | 10,4% |
| 24 mánuðir | 1,8% | -1,0% |
| 48 mánuðir | -1,5% | -3,8% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Innlend hlutabréf | 90% | 100% |
| Laust fé | 0% | 10% |

**Markmið:** Langtímaaukning með gengishagnaði og arði af innlendum hlutabréfum.

## Innláns- og ríkisskuldabréfasjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|---|---|---|
| **Tímabil** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| 12 mánuðir | 7,5% | 5,4% |
| 24 mánuðir | 6,5% | 3,5% |
| 48 mánuðir | 6,3% | 3,8% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Innlán | 0% | 40% |
| Skuldabr. m. ábyrgð ríkisins | 60% | 100% |

**Markmið:** Að ná stöðugri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði.

## Íslensk skuldabréf

| Meðalársávöxtun | | |
|---|---|---|
| **Tímabil** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| 12 mánuðir | 7,5% | 5,4% |
| 24 mánuðir | 7,3% | 4,3% |
| 48 mánuðir | 7,6% | 5,1% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Innlán/laust fé | 0% | 20% |
| Ríkisverðbréf | 60% | 100% |
| Önnur skuldabréf | 0% | 20% |

**Markmið:** Að skila góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta einkum í innlendum skuldabréfum. Allur arður verður endurfjárfestur.
**Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**



## Innlend verðbréf

| Meðalársávöxtun | | |
|---|---|---|
| **Tímabil** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| 12 mánuðir | 7,8% | 5,6% |
| 24 mánuðir | 6,1% | 3,2% |
| 48 mánuðir | 6,2% | 3,7% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Innlend hlutabréf | 0% | 20% |
| Ríkisskuldabréf | 40% | 100% |
| Önnur innlend skuldabréf | 0% | 20% |
| Innlán/laust fé | 0% | 20% |

**Markmið:** Að ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishagnaði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing.
**Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## Íslensk verðbréf

| Meðalársávöxtun | | |
|---|---|---|
| **Tímabil** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| 12 mánuðir | 7,8% | 5,7% |
| 24 mánuðir | 6,8% | 3,8% |
| 48 mánuðir | 6,5% | 4,0% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Innlend hlutabréf | 0% | 20% |
| Ríkisskuldabréf | 40% | 100% |
| Önnur innlend skuldabréf | 0% | 20% |
| Innlán/laust fé | 0% | 20% |

**Markmið:** Að ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishagnaði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing.
**Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## Blandaður hlutabréfasjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|---|---|---|
| **Tímabil** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| 12 mánuðir | 21,3% | 18,9% |
| 24 mánuðir | 8,2% | 5,2% |
| 48 mánuðir | 5,7% | 3,3% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Erlend hlutabréf Sjóvár | 35% | 35% |
| Innlend hlutabréf Sjóvár | 65% | 65% |

**Markmið:** Aukning eigna til langs tíma með gengishækkun og arði af innlendum og erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## Erlendur vaxtasjóður

| Meðalársávöxtun | | |
|---|---|---|
| **Tímabil** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| 12 mánuðir | 28,5% | 26,0% |
| 24 mánuðir | 12,5% | 9,4% |
| 48 mánuðir | 6,2% | 3,8% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Innlán/laust fé | 0% | 10% |
| Erlend hlutabréf | 90% | 100% |

**Markmið:** Langtímaaukning eigna með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Eignadreifing er mikil.
**Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## Erlend hlutabréf

| Meðalársávöxtun | | |
|---|---|---|
| **Tímabil** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| 12 mánuðir | 28,3% | 25,7% |
| 24 mánuðir | 12,6% | 9,4% |
| 48 mánuðir | 6,2% | 3,8% |

| Fjárfestingarstefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Innlán/laust fé | 0% | 10% |
| Erlend hlutabréf | 90% | 100% |

**Markmið:** Langtímaaukning eigna með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Eignadreifing er mikil.

## Innlendir sjóðir
Gengisþróun




## Lokaðir sjóðir




## Erlendir hlutabréfamarkaðir

Þrátt fyrir efnahagsóvissu, viðskiptastríð, óvissu með niðurstöðu Brexit og lækkandi framleiðsluvísitölur þá hristu erlendir hlutabréfamarkaðir það af sér á árinu.

Hækkun varð á öllum helstu hlutabréfamörkuðum á árinu eftir verulega lækkun á 4. ársfjórðungi 2018. Breytingar á erlendum hlutabréfavísitölum gefa góða mynd af þróun hlutabréfaverðs í heiminum.

Árið 2019 hækkaði heimsvísitala hlutabréfa MSCI, sem mælir gengi rúmlega 1.600 hlutabréfa í heiminum, um 32,81% í ISK (27,67% í USD). Evrópska hlutabréfavísitalan Euro Stoxx 50 hækkaði 32,0% í ISK (29,4% í evrum).

Veiking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á árinu 2019 hækkar ávöxtun í krónum á tímabilinu.

Vextir eru enn í sögulegu lágmarki í flestum löndum á evrusvæðinu og fleiri löndum. Bandaríski Seðlabankinn skipti um vaxtagír á árinu og byrjaði að lækka vexti í fyrsta skipti í áratug. Lágt vaxtastig hefur endurspeglast í lágri ávöxtun á flestum skuldabréfamörkuðum erlendis en hefur stutt við hlutabréfamarkaði.

**Tölur í ársyfirliti þessu eru birtar með fyrirvara um innsláttarvillur.**

Þú getur fengið nánari upplýsingar um sparnaðarlíftryggingar hjá okkur í síma **440 2000** og á **sjova.is**.